



Grundvallarmarkmið Rauða krossins og Rauða hálfmánans

MANNÚÐ Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, kynþætti, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmalaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnála, kynþátta, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFASTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar. **SJÁLFBODIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfbodnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.

Efnisyfirlit

Pegar á reynir	Inngangur formanns og framkvæmdastjóra	5
Forysta í sjálfböðnu starfi	Stjórn, nefndir og formenn deilda Rauða kross Íslands	6
Tekjur og útgjöld	Úr rekstrinum	7
Ýmsir viðburðir í starfinu	Innanlandsstarf	8
Fjöldahjálp og sálrænn stuðningur eftir skjálftana	Innanlandsstarf	10
Rauði krossinn sinnir brýnni þörf á óvissutímum	Innanlandsstarf	12
Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands	Innanlandsstarf	14
Ungir sjálfböðaliðar buðu faðmrag á alnæmisdaginn	Innanlandsstarf	15
Mikið fjör var á sumarmóti Ungmennahreyfingarinnar	Innanlandsstarf	15
Starf í athvörfum fyrir fólk með geðraskanir	Innanlandsstarf	16
Heimsóknarvinir í 40 af 50 deildum Rauða krossins	Innanlandsstarf	16
Stuðningur við að fóta sig í nýju umhverfi	Innanlandsstarf	17
Alþjóðlegir fundir	Alþjóðlegt samstarf	18
Gengið til góðs í skugga efnahagshrunsins	Innanlandsstarf	19
Hamfaramánuður í maí	Alþjóðastarf	20
Ellefu sendifulltrúar að störfum á árinu	Alþjóðastarf	21
Hljýja frá Íslandi	Alþjóðastarf	22
Sálrænn stuðningur við stríðshrjáð börn í Palestínu	Alþjóðastarf	23

FÉLAGIÐ NÝTUR VIÐURKENNINGAR ALÞJÓÐARÁÐS RAUÐA KROSSINS OG ER AÐILI AÐ ALÞJÓÐASAMBANDI LANDSFÉLAGA RAUÐA KROSSINS OG RAUÐA HÁLFMÁNANS MEÐ ÞEIM RÉTTINDUM OG SKYLDUM SEM ÞVÍ FYLGJA. LANDSFÉLÖGIN ERU 186 MEÐ UM 97 MILLJÓNIR FÉLAGSMANNA OG SJÁLFBÖÐALÍDA. TILGANGUR HREYFING-ARINNAR ER AÐ VERNDA LÍF OG HEILSU OG TRYGGJA VIRÐINGU FYRIR MANNLEGU LÍFI, HÚN VINNUR AÐ GAGNKVÆMUM SKIL-NINGI, VINÁTTU, SAMSTARFI OG VARANLEGUM FRÍÐI MEÐAL ALLRA ÞJÓÐA.

ÁRSSKÝRSLA 2008, GEFIN ÚT Í MAÍ 2009
VEFÁRSSKÝRSLA: RAUÐIKROSSINN.IS
UMSJÓN: KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR
HÖNNUN OG UMBROT: JÓNSSON & LE'MACKS
PRENTUN: LITLAPRENT

FORSÍÐUMYND TÓK ANETTE KAY AF BARNI Í MALAVÍ
Í PRJÓNAPEYSU FRÁ ÍSLENSKUM SJÁLFBÖÐALÍDA

Myndir úr starfinu





Pegar á reynir

Óhætt er að segja að stórir atburðir hafi haft áhrif á starf Rauða kross Íslands á árinu 2008. Enn sem fyrr unnu sjálfbóðaliðar ötult starf við mörg krefjandi verkefni, bæði hefðbundin og ný.

Mikið reyndi á neyðarvarnarskipulag Rauða krossins, fyrst í kjölfar Suðurlandsskjálfta og síðar vegna efnahagshruns í íslensku samfélagi. Í báðum tilfellum brást Rauði krossinn skjótt við, veitti fjöldahjálp og sálrænan stuðning til að vinna úr áfallinu sem fólk varð fyrir.

Fjöldi sjálfbóðaliða og starfsmanna kom að fjöldahjálparstöðvum á Selfossi og í Hveragerði og starfi Hjálparsíma Rauða krossins eftir að tveir öflugir jarðskjálftar urðu á Suðurlandi í maí. Í fjöldahjálparstöðvunum leitaði fólk skjóls og fékk sálrænan stuðning hjá áfallahjálparteymi Rauða krossins, sjálfbóðaliðum og prestum. Þá stóð Rauði krossinn að því að fræða börn og forsjáradíla þeirra um jarðskjálfta og afleiðingar þeirra.

Líf margra Íslendinga tók miklum breytingum þegar bankakerfið hrundi í byrjun október. Við tók óvissa um framhaldið og efnahagskreppa hélt innreið sína í landið. Rauði krossinn fór strax í viðbragðsstöðu og greip til margvíslegra aðgerða til að aðstoða fólk í gegnum yfirstandandi þrengingar. Sjálfbóðaliðar deilda viðs vegar um landið brugðust við með því að opna hús Rauða krossins, bjóða fólk upp á félagsstarf og fræðslu, einkum um sálrænan stuðning. Fjölmargir nýir sjálfbóðaliðar gengu til liðs við félagið. Deildirnar efldu hefðbundin verkefni sín og stofnuðu til nýrra verkefna. Mikil aukning var á aðstoð fyrir jólin, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Mikilvægi Hjálparsímans kom berlega í ljós því innhringingum fjölgaði um 40% í kjölfar bankahrunsins. Vegna vaxandi atvinnuleysis fór Rauði krossinn í samstarf við Vinnumálastofnun um að vekja athygli á sjálfböðnu starfi sem lið í að halda fólki virku. Lögð var aukin áhersla á fataúthlutun í kjölfar erfiðleikatíma hjá heimilum í landinu.

Lækkað gengi krónunnar gerði það að verkum að verðmæti framlaga til hjálparstarfs erlendis varð minna. Þetta hefði getað haft áhrif á verkefni sem Rauði kross Íslands sinnir í alþjóðastarfi en félagið leggur áherslu á að standa við skuldbindingar sínar gagnvart skjólstæðingum í öðrum löndum um leið og vaktin er staðin hér heima. Með ákvörðun stjórnar um að ganga á neyðarsjóð félagsins, aðhaldsaðgerðum og aðkomu norræna Rauða kross félaga tókst að lágmarka skaðann fyrir alþjóðlegt hjálparstarf Rauða krossins, bæði á árinu 2008 og í áætlunum fyrir árið 2009.

Almenningur á Íslandi gerði sitt til að lina þjáningar barna í Kongó sem höfðu orðið viðskila við foreldra sína með því að ganga til góðs um haustið. Allt fé sem safnaðist – og viðbótarframlag úr neyðarsjóði félagsins – fór til leitarþjónustu Alþjóða Rauða krossins í Kongó.

Rauði krossinn þarf sífellt að horfa til framtíðar í starfi sínu og bregðast við þegar á reynir. Erfiðleikar í íslensku samfélagi kalla tvímælalaust á að Rauði krossinn beiti

kröftum sínum að verkefnum innanlands, fyrst og fremst í gegnum eflingu sjálfböðins starfs. Hins vegar mega Íslendingar ekki gleyma þeirri ábyrgð sem þeir bera í samfélagi þjóðanna því hjá fjölmörgum þjóðum kosta þrengingar og erfileikar mannslíf.

Ómar H. Kristmundsson hætti sem formaður Rauða krossins á árinu. Eru honum þökkuð mikilvæg og góð störf í þágu félagsins á undanföllum árum. Margir leggja drjúga hönd á plóg við að gera starf Rauða krossins sem öflugast. Við viljum þakka sjálfbóðaliðum og starfsmönnum fyrir þeirra framlag en jafnframt hvetja þá áfram til góðra verka. Einnig viljum við þakka almenningi og stjórnvöldum fyrir stuðninginn við Rauða kross Íslands.

Reykjavík í maí 2009,

Anna Stefánsdóttir,
formaður Rauða kross Íslands

Kristján Sturluson,
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

Á ÁRINU FJÖLGADI ÞEIM SEM GERT HAFU SJÁLFBODALIDASAMNING UM 500 OG ERU ÞEIR SEM LEGGJA SITT AF MÖRKUM Í STARFI RAUDA KROSSINS ÞVÍ ORÐNIR 2500 TALSINS.

366 FRÉTTIR OG 83 GREINAR VORU BIRTAR Á VEF RAUDA KROSSINS, AÐ MEÐALTALI SKOÐUÐU UM 1300 NOTENDUR SÍÐUNA VIKULEGA.

Forysta í sjálfboðnu starfi

Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Stefánsdóttir, formaður
Anh-Dao Tran
Einar Sigurðsson
Esther Brune
Garðar H. Guðjónsson
Gunnar Frímansson, varaformaður
Karen Erla Erlingsdóttir
Pálín Dögg Helgadóttir, gjaldkeri
Sigríður Magnúsdóttir, ritari
Þór Gíslason - sagði af sér um mitt ár 2008
Þórdís Magnúsdóttir

Ráðgjafarhópur um innflytjendamál:

Shyamali Ghosh, formaður
Emilía Huong Xuan Nguyen
Toshiki Toma
Dragana Zastavnikovic
Grazyna Maria Okuniewska
Sabine Leskopf
Zija Krrutaj

Framkvæmdaráð:

Anna Stefánsdóttir
Karen Erla Erlingsdóttir
Pálín Dögg Helgadóttir
Gunnar Frímansson, varamaður

Stjórn Verkefnasjóðs:

Þór Gíslason, formaður
Pálín Dögg Helgadóttir
Sigrún C. Halldórsdóttir
Stefán Yngvason

Fulltrúar í stjórn Íslandsspila:

Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Kristján Sturluson
Pálín Dögg Helgadóttir

Skoðunarmenn:

Jón Kr. Sólness
Ólafur Reimar Gunnarsson

Endurskoðunarskrifstofa:

KPMG - endurskoðun hf.

Skyndihjálparráð:

Ármann Höskuldsson
Einar Þór Hafberg
Erna Árnadóttir
Guðbjörg Pálsdóttir
Gunnar M. Baldursson
Gunnhildur Sveinsdóttir
Oddur Eiríksson
Ólafur Ingi Grettisson

Stjórn URKÍ:

Jón Þorsteinn Sigurðsson, formaður
Arna Dalrós Guðjónsdóttir, ritari
Arnar Benjamín Kristjánsson, innanlandsfulltrúi
Auður Ásbjörnsdóttir, alþjóðafulltrúi
Ágústa Ósk Aronsdóttir, gjaldkeri
Pálína Björk Matthíasdóttir, varaformaður
Svava Traustadóttir, meðstjórnandi
Margrét Inga Guðmundsdóttir, varamaður
Sædis Mjöll Þorsteinsdóttir, varamaður

Formenn deilda

Deild

formaður

Austur-
Húnavatnssýsludeild Einar Óli Fossdal
Akranesdeild Sveinn Kristinsson
Akureyrardeild Jón G. Knutsen
Álftanesdeild Einar Rúnar Axelsson
Árnesingadeild Marianne Brandsson-Nielsen
Bolungarvíkurdeild Dóra María Elíasdóttir
Borgarfjarðardeild Ragnheiður Kristín Einarsdóttir
Breiðdalsdeild Unnur Björgvinsdóttir
Búðardalsdeild Óskar Ingi Ingason
Dalvíkurdeild Símon Páll Steinsson
Djúpavogsdeild Ragnar Eiddsson
Dýrafjarðardeild Bergur Torfason
Eskifjarðardeild Pétur Karl Kristinsson
Fáskrúðsfjarðardeild Halldór U. Snjólaugsson
Garðabæjardeild Ólafur R. Gunnarsson
Grindavíkurdeild Guðfinna Bogadóttir
Grundarfjarðardeild Jón Ásgeir Sigurvinsson
Hafnarfjarðardeild Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Héraðs- og
Borgarfjarðardeild Málfríður Björnsdóttir
Hornafjarðardeild Magnhildur Gísladóttir
Húsavíkurdeild Ingólfur Freysson
Hvammstangadeild Guðrún Matthíasdóttir
Hveragerðisdeild Eyrún Sigurðardóttir
Ísafjarðardeild Hrefna Magnúsdóttir

Deild

formaður

Kjósarsýsludeild Jóhannes B. Guðmundsson
Klaustursdeild Elín Anna Valdimarsdóttir
Kópavogsdeild Garðar H. Guðjónsson
Norðfjarðardeild Þorgerður Malmquist
Ólafsfjarðardeild Ingi Þ. Reyndal
Rangárvallasýsludeild Árni Þorgeirsson
Reyðarfjarðardeild Sigurður Ásgeirsson
Reykjavíkurdeild Stefán Yngvason
Seyðisfjarðardeild Einar Hólm Guðmundsson
Siglufjarðardeild Ólafur Sigurðsson
Skagafjarðardeild Gunnar Jóhannesson
Skagastrandardeild Pétur Eggertsson
Snæfellsbæjardeild Elfa Ármannsdóttir
Strandasýsludeild Gunnar Björn Melsteð
Stykkishólmsdeild María Guðmundsdóttir
Stöðvarfjarðardeild Þóra Björk Nikulásdóttir
Suðurnesjadeild Rúnar Helgason
Súðavíkurdeild E. Hafdís Kjartansdóttir
Súgandafjarðardeild Bryndís Ásta Birgisdóttir
V-Barðastrandarsýsludeild Helga Gísladóttir
Vestmannaeyjadeild Hermann Einarsson
Víkurdeild Sveinn Þorsteinsson
Vopnafjarðardeild Gísli Sigmarsson
Þórshafnardeild Sóley Vífilsdóttir
Önundarfjarðardeild Edda Graichen
Öxarfjarðardeild Kolbrún Gunnarsdóttir

Tekjur og útgjöld

Rauði kross Íslands gerir samstæðureikning þar sem starfsemi landsskrifstofu, alþjóðlegs hjálparstarfs, sjúkrahíla og deilda félagsins er tekin saman í einn ársreikning. Tilgangurinn er að fá sem gleggsta mynd af starfsemi félagsins í heild sinni. Ekki er vitað til þess að nokkurt annað landsfélag Rauða krossins og Rauða hálfmánans hafi náð að sýna alla starfsemi sína með þeim hætti í einum ársreikningi.

Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum hækkuðu um 5% á árinu 2008 en það er jafnmikil hækkun og varð á árinu 2007. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga lækkuðu tekjurnar þó að raungildi milli ára.

Frjáls framlög námu 234 m.kr. Félagið fékk arf frá þremur aðilum á árinu, samtals 32 m.kr. Tekjur deilda Rauða krossins af félagsgjöldum námu rúmum 11 m.kr. Söfnunin Göngum til góðs fór fram á árinu og söfnuðust 18 m.kr., sem runnu til þess verkefnis að sameina fjölskyldur í hinu stríðshrjáða Kongó.

Sala á notuðum fatnaði nam um 70 m.kr. og skilaði Rauða krossinum um 23 m.kr. tekjuafgangi.

Útgjöld til alþjóðlegs hjálparstarfs námu 326 m.kr. Þar af runnu 149 m.kr. til neyðaraðstoðar og 177 m.kr. til þróunaraðstoðar.

Útgjöld til innlendra verkefna námu 470 m.kr. Áhrif samdráttar í þjóðfélaginu settu svip sinn á starfið innanlands. Neyðaraðstoð til einstaklinga nam 33 m.kr. en var 12 m.kr. 2007. Kostnaður við annan félagslegan stuðning hækkaði einnig umtalsvert og var 39 m.kr. en var 19 m.kr. árið 2007.

Rauði kross Íslands á og rekur 78 sjúkrafreiðar um land allt. Kostnaður við rekstur þeirra var 265 m.kr. á árinu 2008. Rauði krossinn lagði 18 m.kr. til rekstrarins en aðrar tekjur koma frá heilbrigðisráðuneytinu og notendum þjónustunnar.

Alls var ráðstafað 1.420 m.kr. til verkefna á árinu 2008. Tekjur umfram útgjöld voru 49 m.kr.


Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur og framlög	2008	2007	2006	2005
Tekjur af söfnunarkössum	615.380	587.066	557.903	529.164
Gjafir og framlög	234.152	155.949	155.356	245.235
Samingsbundin verk við stjórnvöld	150.375	138.366	118.432	71.762
Sjúkraflutningar	93.227	89.366	83.634	93.546
Tekjur af sölustarfsemi	128.195	99.352	81.018	67.526
Aðrar tekjur	248.163	197.588	284.871	148.305
Samtals	1.469.492	1.267.687	1.281.214	1.155.538


Framlög til nokkurra verkefna

Alþjóðahjálparstarf	326.037	252.012	242.830	324.988
Alþjóðasamstarf	65.984	58.175	49.942	44.568
Innanlandsstarf	470.044	468.560	345.164	327.768
Sjúkraflutningar	264.729	214.566	208.516	185.511
Hjálparsíminn	25.445	24.478	20.861	19.093
Vin - athvarf fyrir geðfattaða	22.484	21.745	20.913	18.724
Önnur athvörf	48.852	39.824	31.472	28.354


Verkefni 2008



Alþjóðlegt hjálparstarf



Innanlandsstarf



GISTINÆTUR Í KONUKOTI VORU 1397.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS TÓK ÞÁTT Í 16 DAGA ALÞJÓÐLEGU ÁTAKI STOFNANA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA GEGN KYNBUNDNU OFBELDI.

MYNDDISKUR MEÐ 14 ÞÁTTUM UM „HJÁLPFÚS“ KOM ÚT FYRIR JÓLIN OG FENGU ALLIR LEIKSKÓLAR LANDSINS MYNDDISKINN AÐ GJÖF FRÁ DEILDUM.

Ýmsir viðburðir í starfinu



Janúar

Suðurnesjadeild byrjaði árið á þjálfun fjölda hjálparstjóra

Á árinu voru þjálfaðir 125 nýir fjölda-hjálparstjórar og fyrsta námskeiðið af níu haldið í Reykjanesbæ. Það er talsverð fjölgun frá fyrra ári þegar þjálfaðir voru 66 fjölda hjálparstjórar. Í lok árs voru 540 fjölda hjálparstjórar í boðunargrunni Neyðarlínunnar. Einnig voru fjórar flugslysa- og flugverndaræfingar og sex aðrar æfingar haldnar. Ein þeirra fór fram á Þingeyri þar sem myndin er tekin.



Febrúar

Skyndihjálparmenn ársins brugðust rétt við hjartastoppi

Feðgarnir Sveinbjörn Grétarsson og Tómas Sveinbjörnsson björguðu eiginkonu og móður með réttum viðbrögðum þegar Guðrún Hauksdóttir lenti í hjartastoppi. Feðgarnir brugðust ásamt nágranna sínum og björgunarsveitinni Kili rétt við þar til sjúkrahúsið kom og læknishjálparstjórn. Deildir Rauða krossins kynna og kenna skyndihjálpar um allt land og þrjár skyndihjálparhópar eru starfandi.



Mars

Þjóðahátíð í Hafnarfirði

Hafnarfjarðardeild kynnti vinnuáætlunina samstarf við Malaví og Garðabæjardeild kynnti Mentoraverkefni deildarinnar á Þjóðahátíð Alþjóðahúss sem haldin var í Hafnarfirði. Einnig voru haldnar þjóðahátíðir í Þorlákshöfn þar sem Árnesingadeild Rauða krossins kynnti starfsemi sína og á Akranesi þar sem Akranesdeild tók þátt í hátíðinni sem haldin var í tengslum við menningarhátíð bæjarins.



Júlí

Öflugt starf í athvörfum

Skákfélag Vinjar hélt áfram mikilli virkni á árinu. Metþátttaka var þegar Guðfríður Lilja Grétarsdóttir var heiðruð, á einu af tólf skákmótum ársins, fyrir stuðning sinn við starfseminni. Haustmót athvarfa Rauða krossins var vel sótt en það var haldið í Reykholti. Markmið athvarfanna er að draga úr félagslegri einangrun fólks með geðraskanir.



Ágúst

Viðhorf og virðing í vinnuskólum og á sumarmóti URKÍ

Öxarfjarðar- og Húsavíkurdeildir Rauða krossins stóðu að fræðslu um Rauða krossinn, fordóma og viðhorf og virðingu í vinnuskólum á svæði deildanna. Reykjavíkurdeild stóð að sams konar fyrir nemendum Vinnuskóla Reykjavíkur. Einnig var unnið með námsefnið Viðhorf og virðingu á sumarmóti URKÍ í Skagafirði ásamt hvers kyns leikjum og útiveru.



September

Móttaka flóttakvenna á Akranesi

Palestínskt flóttafólk fékk nýtt heimili á Akranesi. Akranesdeild og Akraneskaupstaður sjá um aðlögun þess fyrsta árið. Rauði krossinn hefur útvegað húsgögn og annað nauðsynlegt innbú. Fjölmargir stuðningsaðilar á vegum félagsins aðstoða flóttafólkið við að tengjast samfélaginu og eru því innan handar með ýmislegt sem getur komið upp við aðlögun í nýju landi.



Apríl

Börn og umhverfi í Kópavogi

Kópavogsdeild var ein þeirra fjölmörgu deilda um allt land sem stóðu fyrir námskeiðinu Börn og umhverfi fyrir börn á aldrinum 12-15 ára. Á námskeiðinu, sem er sextán kennslustundir, er farið í ýmislegt er varðar umgengni og framkomu við börn. Lögð er áhersla á samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Fjallað er um algengar slysaættur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.



Máí

Suðurlandsskjálftar 29. maí

Þegar Suðurlandsskjálftinn reið yfir fór viðbragðsáætlun Rauða kross Íslands strax í gang og opnaðar voru fjöldahjálparstöðvar sem mannaðar voru af sjálfboðaliðum félagsins víða að. Áfallateymið var virkjað og stóð vaktina í nokkrar vikur þar til heilbrigðiskerfið tók við. Fljótlega eftir skjálftann voru opnaðar þjónustumiðstöðvar í Hveragerði og á Selfossi. Um haustið fræddi Rauði krossinn börn, unglinga og þá sem vinna með þeim og forsjáradila þeirra um allt sem snýr að jarðskjálftum og það sem gerist í kjölfarið.



Júní

Markaðsdagur á Akureyri

Mikil undirbúningsvinna við flokkun á fatnaði fór fram áður en sjálfboðaliðar á Akureyri stóðu fyrir markaðsdögum til styrktar barnaheimili í Mósambík. Akureyradeild en ein þeirra mörgu deilda sem standa að fatamarkaði til styrktar alþjóðaverkefnum Rauða krossins. Flestar deildir eru með fatasöfnun og er fatasöfnunarverkefni deilda á höfuðborgarsvæðinu mjög öflugt. Veruleg söluaukning varð í Raudakrossverslunum í Reykjavík og Hafnarfirði.



Október

Gengið til góðs til styrktar sameiningu fjölskyldna í Kongó

Bjarni, Pernilla, Hrefna og Freyja frá Ísafirði voru meðal þeirra 1600 sjálfboðaliða sem gengu til góðs með Rauða krossinum. Einungis tókst að ná til um 50% landsmanna í þetta sinn en þeir sjálfboðaliðar sem gengu í hús fengu sérsaklega góðar viðtökur og var vel gefið í baukinn. Söfnunin var til styrktar verkefni um sameiningu fjölskyldna í Kongó sem sundrast hafa vegna stríðsátaka.



Nóvember

Aukning hjá Hjálparsíma Rauða krossins 1717

Í kjölfar efnahagsþröngingna hringdi fjöldi manns í 1717 í tengslum við fjárhagsáhyggjur og vanlíðan vegna þeirra umbrota sem eiga sér stað í þjóðfélaginu. Starfsmenn og sjálfboðaliðar 1717 veita upplýsingar um hvar leita megi frekari úrræða ásamt því að veita sálrænan stuðning á erfiðum tímum. Þeir hafa reynslu af að svara slíkum símtölum og fá reglulega þjálfun í að ræða við fólk sem glímur við erfiðar aðstæður.



Desember

Sjálfboðaliðar að störfum fyrir jólin

Fjölmargir sjálfboðaliðar Rauða krossins voru að störfum fyrir jólin vegna matar- og fataúthlutana, í athvörfum Rauða krossins og við ýmis önnur verkefni. Á alþjóðadegi sjálfboðaliðans 5. desember var vakin athygli á því fjölbreytta starfi sem sjálfboðaliðar Rauða kross Íslands inna af hendi um allt land og þeim þokkuð vel unnin störf. Á tímum efnahagsþröngingna og vaxandi atvinnuleysis hefur þörfin fyrir sjálfboðið starf aldrei verið meiri.

Í SEPTEMBER VAR HALDIÐ NÁMSKEIÐ FYRIR LEIÐBEINENDUR Í BARN- OG UNGMENNASTARFI RAUÐA KROSSINS.

HALDIN VORU 175 SKYNDIHJÁLPARNÁMSKEIÐ FYRIR EINSTAKLINGA, HÓPA OG FYRIRTÆKI UM LAND ALLT.

Í LOK ÁRS VORU 80 SJÚKRABÍLAR Í EIGU RAUÐA KROSSINS. ELLEFU NÝIR BÍLAR VORU TEKNIR Í NOTKUN Á ÁRINU.



Fjöldahjálp og sálrænn stuðningur strax eftir skjálftana

Fimmtudaginn 29. maí 2008 kl. 15:45 riðu tveir öflugir jarðskjálftar, um 6,3 á Richter, yfir Suðurland. Um 30 manns leituðu sér lækni-aðstoðar í kjölfar skjálftanna vegna minni háttar áverka. Skjálftarnir ollu talsverðu eignatjóni í Ölfusi, Hveragerði og sveitarfélaginu Árborg.

Um 170 sjálfboðaliðar og starfsmenn svöruðu kalli Rauða kross Íslands eftir jarðskjálftana. Þeir opnuðu fjöldahjálparstöðvar á Selfossi og í Hveragerði, veittu sálrænan stuðning, tóku þátt í samhæfingu aðgerða almannavarna og svöruðu í Hjálparsíma Rauða krossins 1717 sem virkjaður var sem upplýsingasími almannavarna.

Í fjöldahjálparstöðvunum fékk fólk vatn, fæði og húsaskjól auk þess sem sjálfboðaliðar og sérfræðingar í áfallahjálparteymi Rauða krossins ásamt prestum þjóðkirkjunnar veittu sálrænan stuðning. Þremur sólarhringum eftir jarðskjálftana tóku tímabundnar þjónustumiðstöðvar almannavarna vegna jarðskjálftanna til starfa í Hveragerði og á Selfossi. Í þeim leituðust fulltrúar almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, bæjarfélaga á svæðinu, tryggingarfélag sem og starfsfólk og sjálfboðaliðar Rauða krossins og björgunarsveitarfólk við að greiða úr málum íbúa á svæðinu, hvort sem um var að ræða þjónustu vegna tjónatilkynninga, hús-næðismála, tryggingamála, drykkjarvatns eða sálræns stuðnings. Áfallahjálparteymi Rauða krossins veitti fólki sálrænan stuðning í þjónustumiðstöðvunum fram til 4. júní en þá tóku sérfræðingar Landspítala - háskólasjúkrahúss við þjónustunni. Í byrjun júlí tók Heilbrigðisstofnun Suðurlands við keflinu og sinni þeim sem þurftu á frekari aðstoð að halda. Sjálfboðaliðar og starfsfólk Rauða krossins tóku á móti fólki í þjónustumiðstöðvunum og sáu um innskráningu þess allt fram til mánudagsins 26. júní en þá tóku opinberir aðilar við og verkefnum Rauða krossins vegna jarðskjálftanna var að mestu lokið.

Góð samhæfing viðbragðsaðila

Sveitarfélögin á skjálftasvæðunum hafa lýst ánægju sinni með skjót viðbrögð sjálfboðaliða Rauða krossins og björgunarsveita sem komu á svæðið skömmu eftir að skjálftarnir riðu yfir. Strax eftir skjálftana gáfu almannavarnir út hæsta viðbúnaðarstig og lögregla, slökkvilið og aðrir atvinnumenn gengu beint til

skilgreindra verka. Samráðshópur um áfallahjálp sem í eru fulltrúar almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, þjóðkirkjunnar, Landspítala - háskólasjúkrahúss og Rauða krossins kom saman strax eftir jarðskjálftana og skipulagði áfallahjálp á svæðinu. Góða samhæfingu allra viðbragðsaðila má þakka viðbragðsáætlanum og lærdómi sem dreginn hefur verið af náttúruhamförum síðustu 15 ára.

Undirbúningur og þjálfun sannaði gildi sitt

Fjöldahjálparstjórar Rauða krossins hafa það hlutverk að opna og reka fjöldahjálparstöðvar á hættu- og neyðartímum. Námskeið fyrir fjöldahjálparstjóra félagsins voru m.a. haldin í Reykjanesbæ í janúar og á Selfossi í febrúar auk þess sem landsskrifstofa Rauða krossins æfði í mars viðbrögð við almannavarnatílfellum. Námskeiðið á Selfossi sóttu sjálfboðaliðar deilda Rauða krossins í Hveragerði og á Selfossi. Þessi þjálfun sjálfboðaliða og starfsfólks félagsins sannaði gildi sitt í viðbrögðum Rauða krossins eftir skjálftana. Sjálfboðaliðar á skjálftasvæðinu brugðust skjótt og vel við og fjöldahjálparstöðin á Selfossi var opnuð innan klukkustundar frá hamförunum. Sjálfboðaliðar deilda á höfuðborgarsvæðinu og af Suðurnesjum lögðu af stað til að aðstoða félag sína á Suðurlandi um klukkustund eftir jarðskjálftana enda verkefnið viðamikilið.

Bryn þörf fyrir sálrænan stuðning

Fljótlega eftir jarðskjálftana varð ljóst að þörf var á sálrænum stuðningi við þolendur skjálftanna. Sérfræðingar í áfallahjálparteymi Rauða krossins héldu fræðslufundi um áföll og afleiðingar þeirra fyrir um 450 innlenda og erlenda íbúa skjálftasvæðisins og veittu 195 formleg áfallahjálparviðtöl strax eftir hamfarirnar. Þegar mánuður var liðinn frá jarðskjálftunum höfðu sérfræðingar teymisins einnig samband við þá sem leituðu stuðnings til að fylgjast með líðan þeirra og kanna hvort þörf væri á frekari stuðningi. Óformleg viðtöl voru auk þess fjölmörg þar sem margir



Búist var við stórum eftirskjálfta og var fólk ráðlagt að halda sig utandyra fyrstu klukkustundirnar eftir jarðskjálftana. Fjöldahjálparstöðvar á Selfossi og í Hveragerði voru því starfræktar í tjöldum, rútum og hjólhýsi til að byrja með.



Þegar mest var voru um 150 manns samankomin í fjöldahjálparstöðinni á Selfossi. Einungis 17 manns gæstu þó í stöðinni nóttina eftir jarðskjálftana. Margir gæstu hjá aðstandendum eða í tjöldum og ferðavögnum. Ellefu manns gæstu í stöðinni aðfaranótt laugardagsins 31. maí. Stöðinni var lokað á hádegis á laugardegnum en þá hafði þjónustumiðstöðin í Tryggvaskála tekið til starfa.



Vatn varð viðá grugguð og svæðinu og var því ákveðið að bjóða almenningi upp á drykkjarvatn við fjöldahjálparstöðvarnar á Selfossi og í Hveragerði. Hreint vatn var ekki komið á að fullu fyrir en nokkrum dögum eftir hamfarirnar og því var drykkjarvatni dreift í þjónustumiðstöðvunum og á bensinstöðvum.



Í upphafi var talið að grunnskólinn í Hveragerði hefði orðið fyrir skemmdum svo fólk safnaðist saman úti við. Seinna um kvöldið var grunnskólinn sem alla jafnan hýsir fjöldahjálparstöðina metinn öruggur til íveru. Tuttugu manns óskuðu eftir aðstoð Rauða krossins í Hveragerði að kveldi skjálftadags, þrjú gæstu í grunnskólanum nóttina eftir jarðskjálftana og níu aðfaranótt laugardagsins 31. maí.



Landsskrifstofa Rauða krossins aðstoðaði Samhæfingarstöð almanna og sá um samhæfingu aðgerða Rauða krossins, mönnun starfsstöðva á skjálftasvæðinu, samskipti við sendiráð, húsnæðisaðstoð og veitti deildum á jarðskjálftasvæðinu ýmsan stuðning. Sólarhringsvaktir voru skipulagðar fyrstu þrjú sólarhringana á skrifstofunni.

Fyrsta kvöldið og nóttina eftir jarðskjálftana bárust Hjálparsíma Rauða krossins 135 símtöl vegna jarðskjálftanna en sjö manns voru á vakt við símsvörun.

Aðeins nokkrum klukkustundum eftir jarðskjálftana höfðu bæði Rauði hálfmáninn í Tyrklandi og Rauði krossinn í Noregi boðið fram aðstoð við hjálparstarfið. Ekki reyndist þörf á að þiggja þau góðu boð.

léttu sér nægja að líta inn í kaffi og ræða við Rauða kross fólk í þjónustumiðstöðvunum. Sjálfboðaliðar og starfsfólk félagsins sinntu þar þeim mikilvæga þætti sálræns stuðnings fyrstu dagana eftir hamfarirnar að vera einfaldlega til staðar og sýna hlýju og samkennd.

Gott samstarf við sveitarfélög á skjálftasvæðunum

Áfallhjálpateymi Rauða krossins sem og aðrir sjálfboðaliðar og starfsmenn voru í góðu samstarfi við sveitarfélög og fagaðila á svæðinu. Bæklingum Rauða kross Íslands um aðstoð við börn eftir áfall og um sálrænan stuðning var dreift í hvert hús á svæðinu, námskeið voru haldin fyrir starfsfólk leikskóla, skóla, vinnuskóla og öldrunarþjónustu auk þess sem fólk af erlendum uppruna var veitt aðstoð. Starf Rauða krossins í þjónustumiðstöðvum almanna var einnig unnið í góðri samvinnu við sveitarfélögin.

Náið og gott samstarf Rauða krossins við opinbera aðila er lyklatríði við aðstæður eins og sköpuðust í kjölfar Suðurlandsskjálftans. Rauði krossinn sinnti því hlutverki sínu að hafa mikinn viðbúnað fyrstu þrjú sólarhringana eftir jarðskjálftana en smám saman minnkaði hlutverk hans eftir því sem opinberir aðilar tóku við því hlutverki að veita þjónustuna.



Oft tekur langan tíma að vinna úr áföllum eftir náttúruhamfarir og eru börn sérstaklega viðkvæm fyrir því þegar öryggi í umhverfi þeirra er ógnað. Rauði krossinn vann því á haustmánuðum að fræðsluverkefni fyrir börn og ungmenni um jarðskjálftana í maí og afleiðingar þeirra í samstarfi við kennara og skólayfirvöld á Suðurlandi. Nemendum í fimm grunnskólum á svæðinu og framhaldsskólanum í Fjölbrotaskóla Suðurlands gafst tækifæri til að vinna úr reynslu sinni í verkefninu sem stóð í eina viku. Einnig var boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk leikskóla á svæðinu, dagforeldra og foreldra grunnskólanna. Hugmyndin að verkefninu kviknaði strax í maí en fékk brautargengi þegar styrktarsjóður Kiwanis á Íslandi lagði því til eina milljón króna.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS OG UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ VEITTU SAMTALS 10 MILLJÓNUM KRÓNA TIL AÐSTOÐAR ALÞJÓÐA RAUÐA KROSSINS Í SÚÐAN.

ÁÆTLAD ER AÐ STUÐNINGSAÐILAR HAFI VARIÐ ALLS UM 20.000 KLUKKUSTUNDUM Í MÓTTÖKU 30 KÓLUMBÍSKRA FLÓTTAKVENNA SEM KOMU TIL LANDSINS.

SJÁLFBÓÐALIÐAR Í KONUKOTI VORU 39 Í ÁRSLÖK.

VIÐBRAGÐSHÓPUR DEILDA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU VAR KALLAÐUR ÚT 10 SINNUM VEGNA BRUNA OG ANNARRA SLYSA.



Rauði krossinn sinnir brýnni þörf á óvissutímum

Rauði kross Íslands greip þegar í október til margvíslegra aðgerða til að aðstoða fólk í gegnum þrengingar í kjölfar bankahrunsins. Símsvörun í Hjálparsíma Rauða krossins 1717 var stórefld strax í byrjun mánaðarins og margar deildir félagsins opnuðu hús sín í sinni heimabyggð. Boðið var upp á félagsstarf og fræðslu um sálrænan stuðning auk þess sem áhersla var lögð á að finna verkefni fyrir nýja sjálfboðaliða. Aukin áhersla var einnig lögð á fatasöfnun og fataúthlutun.

Deildir félagsins víða um land hófu samvinnu við sveitarfélög og fleiri aðila um það hvernig best mætti bregðast við áhrifum efnahagskreppunnar. Deildirnar tóku þátt í samráðsnefndum með fulltrúum sveitarfélaga, þjóðkirkjunnar og annarra félagasamtaka í heimabyggð og unnu með þeim m.a. að úthlutun matvöru og fatnaðar fyrir jól en þörfin fyrir þá aðstoð jókst verulega milli ára 2007 og 2008. Stjórn Rauða kross Íslands ákvað því að verja allt að 20 milljónum króna úr neyðarsjóði félagsins til þess að gera deildum kleift að mæta vaxandi þörf fyrir aðstoð.

Á síðustu mánuðum ársins hóf Rauði krossinn samstarf við Vinnumálastofnun sem miðar að því að fólk á atvinnuleysissskrá geti haldið sér virku í samfélaginu með sjálfboðnu starfi á vegum félagsins. Í lok árs voru svo framleiddir fræðsluþættir fyrir sjónvarp um andleg áhrif kreppunnar og voru þeir sýndir í Ríkissjónvarpinu á nýju ári.

Hjálparsími Rauða krossins 1717
Hjálparsími Rauða krossins 1717 gegndi gríðarstóru hlutverki í viðbrögðum félagsins við því erfiða ástandi sem skapaðist í samfélaginu í kjölfar bankahrunsins. Innhringingum vegna félagslegra erfiðleika fjölgaði að meðaltali úr 50 í 70 á degi hverjum á síðustu mánuðum

ársins. Karlar og konur á öllum aldri úr öllum starfsstéttum hringdu og lýstu kvíða, hræðslu og reiði vegna óvissu í efnahagsmálum. Brugðist var við því með því að bæta við starfskrafti og fjölgja sjálfboðaliðum.

Hjálparsími Rauða krossins 1717 er landsverkefni allra deilda Rauða krossins.



Starf sjálfboðaliða er kjarninn í starfsemi en 116 sjálfboðaliðar og fimm starfsmenn störfuðu við símsvörun á árinu.

Greiðsluferfiðleikar heimilanna voru meginviðfangsefni átaksviku Hjálparsímans í mars og í kjölfarið hélt Rauði krossinn málþing í samvinnu við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Á fjölmennu þingi var rætt um úrræði og frekari samvinnu milli stofnana og samtaka í samfélaginu til að bregðast við vandanum.

Deildir opnuðu hús sín, buðu sálrænan stuðning og hófu samstarf við aðra viðbragsaðila

Aðeins fáeinum dögum eftir bankahrunið, þegar ljóst varð að fjölmargar fjölskyldur myndu lenda í verulegum hremmingum,

tóku deildir félagsins ákvörðun um að bjóða almenningi viðamikla fræðslu í sálrænum stuðningi þar sem m.a. var fjallað um eðlileg viðbrögð fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum. Mörg námskeið voru haldin hjá deildum félagsins um allt land á síðustu mánuðum ársins án endurgjalds og var aðsókn góð.

Deildir félagsins á höfuðborgarsvæðinu sýndu mikið frumkvæði strax í byrjun október. Kópavogsdeild hóf t.d. þegar á fyrstu vikunum eftir hrunið samstarf við bæjaryfirvöld og fleiri um hugsanleg viðbrögð við ástandinu. Fólk var boðið að sækja námskeið um sálrænan stuðning og fjármál án endurgjalds og deildin meira en tvöfaldaði framlag sitt til neyðaraðstoðar við einstaklinga og fjölskyldur fyrir jólin. Þá hóf deildin undirbúning að verkefni fyrir atvinnulausa undir heitinu Nýttu tímann.

Allar deildir Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu störfuðu í samvinnu við sveitarfélög að því að finna úrræði gegn vandanum. Sem dæmi má nefna að fulltrúi Hafnarfjarðardeildar tók sæti í aðgerðahópi um almannaheill sem Hafnarfjarðarbær stofnaði í kjölfar efnahagshrunsins. Markmið hópsins sem í eru fulltrúar heilsugæslustöðva, trúfélaga og lögreglu auk Rauða krossins er að samhæfa viðbrögð ólíkra stofnana samfélagsins við



Þriðja Rauðakrossbúðin á höfuðborgarsvæðinu var opnuð á Laugavegi 116 í október. Fataúthlutun er í búðinni á miðvikudögum kl. 10–14.

Fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt í jólaaðstoð með því að skipuleggja, pakka og senda matvæli til fólks í fjárhagsþrengingum.

efnahagsástandinu, fjölskyldunum í hag. Námskeið um símsvörur fyrir fagfólk var í boði í samvinnu við Hjálparsímann 1717 og boðið var upp á ókeypis fjármálanámskeið á vegum Neyendasamtakanna. Deildirnar á höfuðborgarsvæðinu funduðu einnig mánaðarlega sín á milli ásamt landsskrifstofu félagsins til að ræða aðgerðir og skiptast á hugmyndum.

Á Fljótsdalshéraði tóku tveir fulltrúar Rauða krossins þátt í nefnd vegna efnahagsshrúnsins sem skipuð var aðilum frá sveitarfélaginu, öðrum opinberum aðilum, fyrirtækjum og félagasamtökum. Ein af ákvörðunum nefndarinnar var að opna miðstöð atvinnulausa á Egilsstöðum. Í samvinnu við Vinnumálastofnun réð Héraðs- og Borgarfjarðardeild Rauða krossins tvo atvinnulausa í vinnu við að laga tvö einingarhús frá Landsvirkjun að starfsemi nytjahúss Sorpu. Í Árborg tók Rauði krossinn þátt í samvinnuverkefni undir forystu Fjölskyldumiðstöðvar Árborgar og bauð þeim stuðningsviðtöl sem á því þurftu að halda.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins heimsóttu ýmsar stofnanir með fræðslufni og góð ráð um sálrænan stuðning í þeim tilgangi að styrkja starfsfólk þessara stofnana í að veita fólki ráð og stuðning í efnahagsþrengingum samfélagsins. Á Vestfjörðum fjölluðu fulltrúar Rauða

krossins í svæðisútlutunum í úrræði Rauða krossins á tímum efnahagsþrenginga auk þess sem þeir tóku þátt í borgarafundi ásamt fulltrúum félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, vinnumiðlunar og fleirum á svæðinu. Í kjölfarið var útbúinn bæklingur með upplýsingum um úrræði fyrir fólk í erfiðleikum.

Fatasöfnun og fataúthlutun

Í október var þriðja Rauðakrossbúðin opnuð á Laugavegi 116, Reykjavík. Fyrir voru verslanir á Laugavegi 12 og Strandgötu 24 í Hafnarfirði. Á árinu skiptust um 60 sjálfbóðaliðar á að standa vaktina í verslunum þremur.

Á höfuðborgarsvæðinu sér Rauði krossinn, í samstarfi við Sorpu, um söfnun á fatnaði alla daga ársins. Um 12 sjálfbóðaliðar tóku að jafnaði þátt í að flokka hluta fatnaðarinnar sem safnað er. Flokkaði hlutinn fer í verslanirnar til sölu, til úthlutunar innanlands eða til bágstaddra erlendis.

Sá hluti fatnaðarinnar sem ekki er flokkaður er seldur flokkunarfyrirtækjum í Evrópu sem endurnýta hann til sölu í verslunum og á mörkuðum. Allur ágóði af útluttum fatnaði og rekstri verslananna er notaður til þróunar- og neyðaraðstoðar erlendis.

Tæp fjögur tonn af sparifatnaði söfnuðust í sparifatnasöfnun Rauða krossins í

nóvember en markmiðið með henni var að safna sparifatnaði til úthlutunar fyrir jólin. Safnað var á sjö stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

Í þann mund sem kreppan skall á hóf félagið á ný fataúthlutun á höfuðborgarsvæðinu en hún hafði legið niðri um skeið vegna flutninga og skipulagsbreytinga. Um 100 manns þáðu aðstoð í viku hverri á síðustu mánuðum ársins. Á árinu fengu um 1500 manns fatnað frá Rauða krossinum, alls rúm átta tonn.

Jólaaðstoð

Rauði krossinn hefur um árabil verið öflugur þátttakandi í aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur í fjárhagsþrengingum fyrir jól og aðrar hátíðir í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar, mæðrastyrksnefndir og fleiri. Um 250 sjálfbóðaliðar í 45 af 50 deildum félagsins þökkðu, sendu til dreifingar og úthlutuðu matvælum og fatnaði nú fyrir jólin en auk þess lögðu fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki starfinu lið. Fjöldi þeirra sem fengu styrk úr Elínborgarsjóði Reykjavíkurdeildar Rauða krossins tvöfaldaðist í ár frá því í fyrra. 150 einstaklingar sem búa við erfiðan efnahag fengu nú styrk úr sjóðnum.

RAUÐA KROSS DEILDIRNAR Á FJARÐABYGGÐ HÉLDU NÁMSKEIÐIÐ „FÉLAGSVINUR – MENTOR ER MÁLÍÐ“ Í NÓVEMBER OG MÆTTU 13 KONUR AF ÖLLUM FJÖRÐUNUM.

HALDINN VAR FYRIRLESTUR Á ENSKU FYRIR HÆLISLEITENDUR UM ÁHRIF OFURÁLAGS OG VIÐBRÖGD VIÐ ÞVÍ.

Í JÚNÍ KOM ÚT HANDBÓK UM RÉTTARSTÖÐU FLÓTTAMANNA SEM FLÓTTAMAN- NASTOFNUN SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA GEFUR ÚT.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS STUDDI VIÐ VERKEFNI Í ÞÁGU BARNNA OG UNGMENNA Í FIMM LÖNDUM; Í MÓSAMBÍK, MALAVÍ, SUÐUR-AFRÍKU, SÍERRA LEÓNE OG PALESTÍNU.



Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands

Ungmennahreyfingin hélt landsfund sinn þann 19. apríl 2008 í Reykjavík. Ný stjórn tók við en töluverð endurnýjun var frá fyrra ári.

Ný stjórn hélt áfram þar sem frá var horfið og starfrækti nefndir sem voru hreyfingunni til ráðgjafar um ýmis viðeigandi málefni. Nefndirnar eru alþjóðanefnd, verkefnanefnd og markaðs- og kynningarnefnd. Nefndirnar hittust reglulega og sáu um margs konar starf URKÍ á árinu. Um 25 sjálfboðaliðar sátu í nefndunum frá ýmsum svæðum á landinu.

Stjórnin hélt 13 stjórnarfundi á árinu ásamt því að vinna saman tvær heilar helgar og einn vinnudag stjórnar. Í febrúar var URKÍ með vinnuhelgi fyrir austan fjall þar sem mótuð var stefna og markmið í starfi URKÍ til ársins 2010. Í október hittust URKÍ og URKÍ – R um vinnuhelgi í Borgarfirði. Fulltrúar stjórnar sóttu tvo erlenda fundi á árinu. Sá fyrri, Nordic Youth Board Meeting, var haldinn í Kaupmannahöfn í lok mars og sá seinni, European Cooperation Meeting (ECM), var haldinn í Króatíu í lok apríl. Einnig tók URKÍ virkan þátt í umræðum á formannafundi í lok mars sem fjallaði um ungmennamál deilda á landinu, ásamt því að formaður sótti aðalfund Rauða kross Íslands í maí.

Alþjóðanefnd

Formaður alþjóðanefndar var á árinu Auður Ásbjörnsdóttir og Pálína Björk Matthíasdóttir varaformaður. Ásamt þeim komu 15 aðrir sjálfboðaliðar frá ýmsum deildum að nefndinni.

Fyrrihluta árs sá nefndin um að skipuleggja og taka á móti boðum í sumarboðir erlendis. Tveir sjálfboðaliðar sóttu um og fóru til Írlands og Austurríkis. Einnig unnu alþjóðafulltrúi og starfsmaður nefndarinnar að starfsreglum fyrir European Union Red Cross Youth Network (EURCYN) sem var svo kynnt á EURCYN-fundi í lok apríl ásamt fimm öðrum landsfélögum.

Á haustdögum var farið í að kynna alþjóðanefndina og skipti hún með sér ýmsum verkefnum sem lágu fyrir. Þar má nefna verkefni um að senda sjálfboðaliða til Palestínu, skipuleggja Nordic Youth Board Meeting, stofna svokallaðan OPIN-hóp (Organization Politics and International Network) og halda utan um og auglýsa möguleika á þátttöku í sumarbúðum. Skipulagning þessara verkefna var á haustdögum en flest þeirra komu ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2009. Alþjóðanefnd hittist a.m.k. mánaðarlega til að fara yfir þau verkefni sem undirhóparnir sinntu.

Verkefnanefnd

Formaður verkefnanefndar var Arnar Benjamín Kristjánsson og varaformaður hennar var Svava Traustadóttir. Ásamt þeim sátu fjórir aðrir sjálfboðaliðar í nefndinni frá deildum á höfuðborgarsvæðinu.

Verkefni nefndarinnar á árinu var að halda utan um starf deilda á landsvísu, skipulagning á Sumarmóti URKÍ og undirbúningur að Landsmóti URKÍ sem haldið var fyrrihluta árs 2009. Nefndin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og fór yfir skipulagsatriði varðandi þá verkþætti sem hún átti að sinna ásamt því að hittast oftast þegar nær dró stærri viðburðum.

Sumarmótið var haldið í ágúst 2008 undir yfirsíftinni „Viðhorf og virðing“ og tókst það með ágætum. Tuttugu og tveir krakkar á aldrinum 13 til 16 ára komu á mótið og skemmtu sér mjög vel. Landsfélögum Norðurlandanna var boðið að senda leiðbeinendur á mótið og var vel tekið í boðið enda komu leiðbeinendur frá flestum Norðurlöndunum ásamt Færeyjum.

Markaðs- og kynningarnefnd

Formaður markaðs- og kynningarnefndar var Arna Dalrós Guðjónsdóttir. Ásamt henni sátu varamenn stjórnar URKÍ í nefndinni og tveir sjálfboðaliðar. Fyrrihluta árs fór Kristjana Þrastardóttir fyrir nefndinni en hún lét af stjórnarsetu í apríl á landsfundi URKÍ. Nefndin hélt reglulega fundi yfir árið og var tölvutækni notuð til þess í flestum tilfellum.

Starf nefndarinnar á árinu fór að mestu í að taka saman efni í fréttabréf Rauða kross Íslands, Hjalpina. Seinnihluti starfstímabilsins fór svo í að endurskipuleggja starf nefndarinnar og hugsa upp nýjar aðferðir við að ná í fólk inn í Rauða kross starf. Vann nefndin að því að skila inn hugmyndum til stjórnar í lok árs sem fólust í að samræma útlit URKÍ á landsvísu og vinna sameiginlega að því að breiða út starfið.

Barna- og ungmennastarf

Haldið var tveggja daga leiðbeinendanámskeið á árinu. Þar hittust leiðbeinendur frá ýmsum deildum félagsins sem þegar halda úti barna- og ungmennastarfi og þeim sem hyggja á starf.

Góð þátttaka og mikil ánægja var með námskeiðið. Handbókin í barna- og ungmennastarfi var uppferð og fengu allir sem tóku þátt í leiðbeinendanámskeiðinu eintak. Í handbókinni er tekið á ýmsum þáttum sem máli skipta í starfi með börnum og ungmennum eins og ferlið við að tilkynna mál til barnaverndaryfirvalda. Einnig má finna þar hugmyndir að ýmsum verkefnum og leikjum í slíku starfi.



Ungir sjálfbóðaliðar buðu faðmlag á alnæmisdaginn

Gestir og gangandi í Smáralind tóku vel framtaki ungra sjálfbóðaliða á alþjóðlega alnæmisdeginum 1. desember.

Vegfarendur virtust í fyrstu feimnir, hissa eða kímnr þegar sjálfbóðaliðar Ungmennahreyfingar Rauða krossins buðu frítt faðmlag í Smáralindinni þann 1. desember í tilefni alþjóðlega alnæmisdagsins. En þegar fólk áttaði sig á boðskapnum um að alnæmi berst ekki með snertingu tók það framtakinu og faðmlaginu vel.

Um 20 sjálfbóðaliðar úr barna- og ungmennastarfi deilda á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í viðburðinum. Ásamt því að bjóða upp á ókeypis faðmlög seldu þau alnæmismerki úr perlum sem sjálfbóðaliðar í Malaví gerðu í höndunum.

Nú er talið að milli 30 og 40 milljónir séu smitaðar af alnæmisveirunni og mun fleiri líða vegna alnæmis, til dæmis um

4,6 milljónir barna í sunnanverðri Afríku sem orðið hafa munaðarlaus.

Höfuðáhersla Alþjóða Rauða krossins er að hjálpa samfélögum að taka frumkvæði í baráttunni gegn alnæmi og vinna gegn ójafnri stöðu kynjanna en tugir milljóna kvenna þurfa að þola ofbeldi og misnotkun sem stofnar þeim í mikla hættu.



Mikið fjör var á sumarmóti Ungmennahreyfingarinnar

Ungmennahreyfing Rauða krossins stóð í ágúst fyrir sumarmóti fyrir unglinga á aldrinum 13–16 ára á Löngumýri í Skagafirði. Leiðbeinendur voru sjálfbóðaliðar frá Ungmennahreyfingu Rauða krossins og systursamtökum á Norðurlöndum.

Dagskrá mótsins einkenndist bæði af gamni og alvöru. Unnið var með viðhorf þátttakenda til ýmissa hópa í samfélaginu, m.a. með því að setja sig í spor annarra í hlutverkaleikjum.

Mikið var lagt upp úr útveru og var sundlaugin á Löngumýri óspart notuð. Hápunktar sumarmótsins voru flúðasigling niður Vestari-Jökulsá og klettasig á Hegranesi.

Síðasta kvöldið var haldin mikil kvöldvaka með varðeldi, gítar-spili, söngvakeppni og öðru sem einkenndi sumarbúðir. Þátttakendur voru himinlifandi með dvölinni á Löngumýri.

DEILDIR Á AUSTURLANDI STUDDU Á ÁRINU BARN- OG UNGMENNASTARF RAUÐA KROSSINS Í HÖFÐABORG Í SUÐUR-AFRÍKU.

Á ÁRINU BÁRUST 247 NÝ MÁL TIL FJÖLSKYLDUMÍÐSTÖÐVARINNAR. VIÐTÖL VORU ALLS 1322.

2185 PAKKAR MED UNGBARNAFATNABI SEM SJÁLFBOÐALIÐAR RAUÐA KROSS ISLANDS ÚTBÚA VORU MEDAL ÞESS SEM SENT VAR Í GÁMI TIL MALAVÍ.

ALLS TÓKU 50 BÖRN ÞÁTT Í STARFI KÓPAVOGSDEILDAR MED UNGUM INNFLYTJENDUM.



Haldið var upp á 5 ára afmæli skáklúbbs Vinjar, athvarfs fyrir fólk með geðraskanir í Reykjavík, í júní en skákin nýtur mikilla vinsælda í athvarfinu.

Starf í athvörfum fyrir fólk með geðraskanir mikilvægt sem aldrei fyrr

Spenna, biturð, óvissa og kvíði í samfélaginu hefur ekki síst neikvæð áhrif á þá sem minnst varnir hafa sökum heilsubrests. Í athvörfum Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir jókst þörfin fyrir einstaklingsviðtöl töluvert á síðustu mánuðum ársins og gestir þurftu almennt frekari stuðning og hvatningu. Margir gestanna voru áhyggjufullir um stöðu sína og annarra, verðhækkningar á nauðsynjavöru vöktu með þeim kvíða og flestir voru uggandi um framtíðina.

Rauði krossinn rekur eða kemur að rekstri átta athvarfa fyrir fólk með geðraskanir um allt land en þau eru Vin í Reykjavík,

Í athvörfum Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir jókst þörfin fyrir einstaklingsviðtöl töluvert á síðustu mánuðum ársins og gestir þurftu almennt frekari stuðning og hvatningu.

Dvöl í Kópavogi, Laut á Akureyri, Lækur í Hafnarfirði, Hver á Akranesi, Kompan á Egilsstöðum, Setrið á Húsavík og Vesturafli á Ísafirði.

Í athvörfunum getur fólk sem finnur til einnmanaleika og langar að hafa eitthvað fyrir stafni sinnt áhugamállum sínum og notið góðs félagskappar. Í athvörfunum er spilað á spil, hlustað á tónlist, málað, farið í gönguferðir og ferðalög.

Heimsóknarvinir í 40 af 50 deildum Rauða krossins

Sífelld fleiri deildir bætast í hóp þeirra sem hafa heimsóknarvini á sínum snærum enda er um áhersluverkefni Rauða krossins að ræða. Kannanir félagsins hafa sýnt fram á að talsvert er um félagslega einangrun í íslensku samfélagi og að brýn þörf er á að draga úr einsemd fjölda fólks.



Hundar eru mjög vinsælir hjá þeim sem njóta heimsókna sjálfboðaliða Rauða krossins.

Verkefnið nýtur sífelld meiri vinsælda en 400 sjálfboðaliðar heimsóttu á árinu um 500 gestgjafa. Í lok árs buðu 40 deildir upp á þjónustu heimsóknarvina og þrjár voru með verkefnið á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2009. Stefnir er að því heimsóknarvinir verði í öllum 50 deildum félagsins árið 2010. Heimsóknarvinir vilja draga úr einsemd gestgjafa sinna með því að veita þeim félagskapp, nærveru og hlýju. Þeir lesa saman, spila á spil, hlusta á tónlist, tefla, fönndra, syngja og síðast en ekki síst spjalla þeir saman. Heilu sönghóparnir hafa einnig heimsótt dvalarheimili og eins hafa heimsóknarvinir og gestgjafar farið

í bíltúr saman og jafnvel á kaffihús. Eftir að bryddað var upp á þeirri nýjung að bjóða gestgjöfum að fá hund í heimsókn anna heimsóknarvinir Rauða krossins um allt land vart eftirspurn.

Hver fær heimsókn?

- Fólk á einkaheimilum, dvalarheimilum, hjúkrunarheimilum, sambylum og sjúkrahúsum
- Hælisleitendur
- Fangar
- Fólk með geðraskanir

Hvað er gert í heimsóknunum?

- Lesið, spilað, hlustað á tónlist, teflt, fönndrað, sungið, spjallað saman o.fl.
- Heimsóknarvinur tekur hundinn sinn með í heimsókn
- Heimsóknarvinur býður gestgjafa sínum í bíltúr

Tuttugu og níu palestínskir flóttamenn, átta mæður með 21 barn, komu til Íslands í boði íslenskra stjórnvalda og settust að á Akranesi. Fjölmargir sjálfboðaliðar Rauða krossins komu að móttöku þeirra og veittu þeim félagslegan stuðning.



Stuðningur við að fóta sig í nýju umhverfi

Fjölmargir sjálfboðaliðar Reykjavíkureildar og Akranesdeildar Rauða krossins komu að móttöku, aðstoð og félagslegri aðlögun 31 kólumbískis og 29 palestínskra flóttamanna sem komu til landsins haustið 2007 og 2008 í boði íslenskra stjórnvalda.

Akraneskaupstaður bauð palestínska flóttafólkinu frá Írak, átta mæðrum með 21 barn, að setjast þar að í september og er það í fyrsta skipti sem Akranes tekur á móti flóttafólki. Flóttafólkið hafði flúið ofsóknir og stríðsátök í Bagdad í Írak og leitað skjóls í Al Walced flóttamannabúðunum við landamæri Sýrlands.

Koma flóttfólksins vakti ekki aðeins athygli landsmanna heldur einnig alþjóðlegra fjölmiðla. Meðal annars komu fréttamenn frá Al Jazeera sjónvarpsstöðinni og BBC fréttastofunni til að kynna sér aðlögun þeirra á Akranesi. Flóttamannafélag, Akraneskaupstaður og Rauði krossinn stóðu fyrir kynningum á móttöku flóttafólksins og aðstæðum þeirra í heimalandinu. Sjálfboðaliðar undirbjuggu komu fólksins ásamt sveitarfélaginu, gerðu íbúðir tilbúnar til búsetu og veittu fólkinu ýmiss konar stuðning við aðlögun að nýju samfélagi í gegnum stuðningsaðilakerfi Rauða krossins. Um þrjár stuðningsfjölskyldur aðstoðuðu hverja flóttamannafjölskyldu en stuðningsaðilakerfið hefur vakið mikla athygli Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og víðar fyrir hversu góða raun það hefur gefið.

Rauði krossinn tók þátt í vali flóttafólksins og skipulagði ferð hópsins til landsins í samvinnu við flóttamannafélag. Móttaka flóttafólksins var eftir sem áður samvinnuverkefni ríkisstjórnarinnar, viðkomandi sveitarfélags og Rauða krossins. Flóttamannaverkefninu í Reykjavík með kólumbísku konunum og börnum þeirra lauk formlega í september 2008 og um leið þýðingarmiklu og óeigingjörnu

starfi um 70 sjálfboðaliða við verkefnið. Flóttamannaverkefninu á Akranesi lýkur formlega haustið 2009.

Heimsóknir til hælisleitenda

Sjálfboðaliðar í Hafnarfjarðardeild Rauða krossins heimsóttu hælisleitendur í Reykjanesbæ um það bil einu sinni í viku í þeim tilgangi að rjúfa félagslega einangrun þeirra og létta þeim biðina meðan á málsmeðferð þeirra stendur.

Alls sóttu 76 einstaklingar um alþjóðlega vernd á Íslandi á árinu. Þar af voru fjögur börn sem voru í fylgd forráðamanna. Hlutfall kvenna var 18% eða alls 14 talsins, þar af tvær stúlkur undir 18 ára aldri. Er það mikil fjölgun frá árinu 2007 þegar fjöldi hælisleitenda var 42. Flestir hælisleitendur á árinu 2008 komu frá Serbíu og Kosovo, eða 14 einstaklingar.

Aukið málsvarastarf og réttindagæsla fyrir hælisleitendur

Rauði kross Íslands beitti sér fyrir því að hælisleitendur fengju vandaða og skjóta málsmeðferð, m.a. með því að fulltrúi frá Rauða krossinum væri viðstaddur viðtöl sem hælisleitendur gengjust undir og að þeir fengju lögmannsaðstoð frá því að hælisumsókn væri lögð fram.

Mikilvægur áfangi náðist þegar skrifad var undir samning við félagsmálaráðuneytið í febrúar um að Rauði kross Íslands hefði umsjón með aðstoð við útlendinga sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarstæðum eða hæli sem flóttamenn. Samningurinn, sem er til tveggja ára reynslu, er í samræmi við ákvæði sem bætt var við viðmiðunarreglur

flóttamannafélag árið 2007 fyrir tilstilli Rauða krossins.

Sem samstarfsaðili Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi fylgdi Rauði krossinn eftir gagnvart stjórnvöldum því áliti að hælisleitendur væru ekki endursendir til Grikklunds á grundvelli Dublin-reglugerðarinnar þar sem vanhöld eru á að hælisleitendur og hælisumsóknir þeirra fái réttláta og eðlilega meðferð hjá grískum stjórnvöldum og að þeim sé tryggður viðunandi aðbúnaður. Rauði kross Íslands leggur áherslu á að umsókn hvers og eins hælisleitanda sé skoðuð sérstaklega og að hvert og eitt ríki sem aðild á að Dublin-reglugerðinni sé ekki skyldugt til að endursenda fólk þó að það sé heimilt.

Húsleit hjá hælisleitendum

Rauði krossinn lét gera lögfræðilega úttekt á húsleit sem gerð var í híbýlum hælisleitenda í Reykjanesbæ í september og vann LOGOS lögmannsþjónusta úttektina endurgjaldslaust. Annars vegar var kannað hvort lögmat skilyrði hefðu verið fyrir húsleitinni og hins vegar hvort gætt hefði verið og fylgt í hvívetna ákvæðum laga um framkvæmd hennar. Niðurstaðan varð sú að lagaheimildir hefðu legið fyrir um beitingu húsleitar sem rannsóknarræðis. Hins vegar þótti ástæða til að á rétta að ætíð beri að sjá til þess að viðeigandi túlkur séu til staðar við aðgerðir sem þessar til að gæta þess að allir hlutaðeigendur skilji aðstæður og því hægt að uppfylla kröfur um meðalhöfsgregluna og þau lög sem meðferð opinberra mála gera til hennar. Sama gildir um skyldu lögreglu til að tilkynna hælisleitanda um rétt til að fá skipaðan verjanda.

ÖFLUGT VETRARSTARF MED UNGMENNEM ER Í GANGI Á STÖÐVARFIRÐI.

GESTIR OG STARFSFÓLK VINJAR UNNU AD TENGLUM VIÐ CAMPAMA-GED-SJÚKRAHÚSÍÐ Í BANJÚL Í GAMBÍU.

UM 170 SJÁLFBOÐALIÐAR KOMU AD FATAVERKEFNINU Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU, ALLS 11.339 KLUKKUSTUNDIR EDA 6,3 ÁRSVERK.



Fulltrúum sem sóttu árlegan samráðsfund landsfélaga Rauða krossins í ágúst var boðið til móttöku í Alþingi. Á myndinni er Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, 1. varaforseti Alþingis, ásamt Önnu Stefánsdóttur, formanni Rauða kross Íslands, Bekele Geleta, framkvæmdastjóra, og forystumönnum í stjórn Alþjóðasambands Rauða krossins

Rauði kross Íslands var gestgjafi þriggja alþjóðlegra funda á árinu

Fundur um sendifulltrúamál í janúar

Í janúar funduðu 18 fulltrúar frá tíu landsfélögum og Alþjóða Rauða krossinum í Reykjavík í þeim tilgangi að auka gæði og hagkvæmni í mannauðsstjórnun. Til umræðu á fundinum voru hugmyndir um hvernig mætti samnýta stefnumótunarskjöl um ráðningar sendifulltrúa og ráðningarferli, þjálfun, starfsmat, launamál, siðareglur og öryggismál á vettvangi.

Val og ráðningar sendifulltrúa krefjast mikillar og góðrar samvinnu milli landsfélaga og Alþjóða Rauða krossins. Verkefnisstjórar sendifulltrúamála eru tengiliðir landsfélaganna við mannauðsdeildir Alþjóða Rauða krossins og mikilvægt er að samræmi sé í verkferlum og vinnulagi þeirra sem sjá um mannauðsmál hjá hreyfingunni.

Árlegur samráðsfundur landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans í ágúst

Alþjóðlegur fundur landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans var haldinn á Selfossi í ágúst. Um 60 fulltrúar frá 25 landsfélögum og forystumenn Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans sóttu fundinn til

að ræða málefni sem brenna heitast á Rauða kross hreyfingunni og samhæfa mannúðaraðgerðir sínar.

„Mikilvægi þess að tala fyrir verkefnum Rauða krossins gagnvart stjórnvöldum og alþjóðasamfélaginu var rætt ítarlega á þessum fundi. Hreyfingin öll þarf að tala einum rómi,“ sagði Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, eftir fundinn og bætti við að fundurinn væri mikilvægur hluti af því starfi.

Nýbreytni í samvinnu landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans var eitt meginmálefni fundarinnar. Gott dæmi um það er samvinna Rauða hálfmánans í Jórdaníu og Magen David Adom, Rauðu Davíðsstjórnunna í Ísrael. Landsfélögin hafa sameiginlega tekið upp ungmennaskipti háskólanema og sjálfbodaliða til að auka skilning þeirra á aðstæðum hvers annars og leggja frekari grunn að friðarferli í Miðausturlöndum.

Bekele Geleta, nýr framkvæmdastjóri Alþjóðasambands landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sat fundinn í fyrsta sinn. Geleta er fæddur í Eþíópíu og hefur meistarargráðu í hagfræði frá Bretlandi. Geleta var framkvæmdastjóri

Rauða krossins í Eþíópíu á árunum 1984–1988 þegar ein versta hungursneyð í Afríku geisaði í landinu.

Árlegur fundur um þróun sjálfbodaliðastarfs í október

Fundur evrópskra landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans (ENDOV) var haldinn í húsakynnum Hafnarfjarðardeildar í október. Tuttugu og þrjú fulltrúar frá 15 landsfélögum sóttu fundinn auk fulltrúa frá Evrópu- og svæðisskrifstofu Alþjóðasambandsins og Rauða krossi Íslands.

Á fundinum skiptust fulltrúar landsfélaganna á upplýsingum um verkefni sjálfbodaliða og skipulag deilda. Fjallað var um hvernig best væri staðið að því að fá nýja sjálfbodaliða til starfa og fulltrúi Alþjóðasambandsins kynnti endurskoðaða stefnu um málefni sjálfbodaliða. Fulltrúi Evrópuskrifstofunnar kynnti sjálfbodastarf ungmenna, möguleika á samstarfi og samvinnu milli landsfélaga og tækifæri til fjárflounar hjá Evrópusambandinu. Að loknum fundi heimsóttu þátttakendur sjálfbodaliða á Akranesi, í Reykjavík og Hafnarfirði.



Gengið til góðs í skugga efnahagshrunsins

Göngum til góðs, landssöfnun Rauða kross Íslands til alþjóðastarfa, fór fram í fimmta sinn þann 4. október. Landssöfnunin var haldin í skugga fréttu um yfirvofandi hrun bankakerfisins á Íslandi og setti það óneitanlega mark sitt á árangurinn.

Erfiðlega gekk að fá sjálfbóðaliða til liðs við Rauða krossinn og gengu aðeins um 1.600 manns á öllu landinu í hús að þessu sinni. Til samanburðar má nefna að 2.600 sjálfbóðaliðar gengu til góðs árið 2006 og tókst þá í fyrsta sinn að vitja allra heimila á landsvísi.

Söfnunarféð var hlutfallslega í samræmi við það hversu miklu færri tóku þátt í að ganga í hús en viðtökur þeirra sem gáfu í baukana voru mjög góðar. Alls söfnuðust rúmar 18 milljónir eða um helmingur þeirrar upphæðar sem fékkst í landssöfnuninni árið 2006.

„Við vissum að það var á brattann að sækja vegna tíðindanna um efnahagslífið einmitt sömu vikuna og söfnunin var. Það kom því miður á daginn að stemningin í þjóðfélaginu hafði áhrif á hvernig til tókst,“ segir Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins.

Í ljósi þessa ákvað stjórn Rauða krossins að tvöfalda söfnunarypphæðina með framlagi úr neyðarsjóði félagsins til að standast væntingar Alþjóða Rauða krossins. Mikilvægt var að standa við skuldbindingar

í alþjóðlegum verkefnum og því voru sendar 37 milljónir króna alls til að styðja leitarþjónustuverkefni Rauða krossins í Kongó.

Áhersla lögð á aðstoð við fórnarlömb átaka

Landssöfnunin Göngum til góðs er haldin annað hvert ár og ætíð eru valin langtímaverkefni sem eiga oft og tíðum undir högg að sækja varðandi fjármagn. Ákveðið var að styrkja sameiningu fjölskyldna á átakasvæðum en það er eitt elsta verkefni Rauða krossins um allan heim, meira en aldargamalt.

Leitarþjónustuverkefni Alþjóða Rauða krossins í Kongó varð fyrir valinu þar sem átök milli stjórnarhers og uppreisnarhermanna í norðurhluta landsins hafa blossað upp hvað eftir annað árið 2008, og tugþúsundir manna flúið og farið á vergang á nýjan leik þrátt fyrir að formlega hafi verið samið um vopnahlé í landinu árið 2003. Talið er að um ein og hálf milljón manns sé á flótta innan eigin landamæra. Verkefnið „Sameining fjölskyldna“ þótti einnig sérlega vel til þess fallið að velkja íslenskar fjölskyldur til umhugsunar

um þann fylgifisk neyðar-ástands sem sundrung fjölskyldna er.

Rauði kross Íslands lagði sérstaka áherslu á aðstoð við fórnarlömb átaka árið 2008. Auk þess að styðja sameiningu fjölskyldna í Kongó aðstoðaði félagið fórnarlömb átaka í Georgíu, Afganistan, Sómalíu, Súdan og Kenýa.

Þakklæti til þeirra sem gengu og gáfu

„Það var vel tekið á móti sjálfbóðliðum sem gengu í hús um allt land og voru flestir mjög jákvæðir í garð söfnunarinnar þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hér heima fyrir,“ segir Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands. „Það er sérstök upplifun að ganga í hús og safna fé með þessum hætti, og ég held að við öll sem gerðum það fyrir Rauða krossinn höfum fundið fyrir samstöðu almennings með góðu málefni.“

Rauði krossinn er þakklátur þeim sem gáfu af tíma sínum og gengu til góðs, en ekki síður þeim sem tóku á móti sjálfbóðaliðunum og gáfu í söfnunina.

Dórothea og Sigríður Magnúsdætur gengu með mómmu sinni til góðs á Ísafirði ásamt vinkonu.

FYRSTI UNGMENNAHÓPURINN VAR STOFNAÐUR Í MATOLA Í MÓSAMBÍK MED STUÐNINGI KÓPAVOGSDEILDAR OG UNDIRBYR DEILDIN NÚ FREKARA UNGMENNASTARF.

TÍU MANNS VORU VIRKIR Í SKYNDIHLJÁLPARHÓPI UNGMENNA Á AUSTURLANDI.

ÞÁTTTAKENDUR Í VERKEFNINU „ALÞJÓÐLEGIR FORELDRAR“ Á VEGUM KÓPAVOGSDEILDAR KOMA FRÁ 20 ÞJÓBLÖNDUM.

VERKEFNIÐ „Á FLÓTTA“ FAGNADI 10 ÁRA AFMÆLI SÍNU Á ÁRINU.



Aðstæður til hjálparstarfs voru mjög erfiðar í Mjanmar eftir að fellibylurinn fór þar yfir. Hér flytja sjálfboðaliðar Rauða krossins hjálpargögn á fljótabáti.



Wang Juyan sem er á áttæðisaldri leitadi sér aðstoðar í sjúkratjaldi Rauða krossins eftir jarðskjálftann í Kína. Hann hlaut minniháttar áverka en húsið hans laskaðist töluvert í skjálftanum.

Hamfaramánuður í maí

Það var skammt stórra hoggva á milli í maímánuði hvað hamfarir snertir. Fellibylurinn Nargis reið yfir Mjanmar, sem einnig er þekkt sem Búrma, í byrjun mánaðar og grandaði um 84.000 manns. Afdrif um 54.000 manna eru enn ókunn. Aðeins tíu dögum síðar varð svo gríðarlegur jarðskjálfti í Sichuanhéraði í Kína sem mældist 8 á Richter og varð um 70.000 manns að bana. Átján þúsund manna er enn saknað og 15 milljónir manna misstu heimili sín.

Aðstæður til neyðaraðstoðar í Mjanmar voru mjög erfiðar og þar sýndi sig hinn einstaki máttur alþjóðahreyfingar Rauða krossins til hjálparstarfs. Um 27.000 sjálfboðaliðar Rauða krossins í Mjanmar og starfsmenn Alþjóða Rauða krossins í landinu hófu þegar skipulagða dreifingu hjálpargagna og aðstoð við að koma fólki í skjól.

Systurfélög Rauða krossins um allan heim sendu fjárframlög og stuðning og þrátt

fyrir ströng skilyrði stjórnvalda í Mjanmar tókst Rauða krossinum fljótt að mynda loftbrú með hjálpargögnum og senda inn alþjóðlega sérfræðinga. Alls sendi Rauði kross Íslands um 20 milljónir íslenskra króna í neyðaraðstoðina með stuðningi almennings, ríkisstjórnar og Pokasjódís verslunarinnar.

Í Kína brást landsfélag Rauða krossins undir eins við og hóf aðstoð við fórnarlömb jarðskjálftans. Gífurlegt fjármagn safnaðist

strax á fyrstu dögnum. Rauði krossinn í Kína hefur stýrt neyðaraðgerðum og uppbyggingu á hamfarasvæðunum með stuðningi Alþjóða Rauða krossins. Ríkisstjórn Íslands sendi framlag sitt til hjálparstarfsins, alls 7,4 milljónir króna, í gegnum Rauða kross Íslands.



Ellefu sendifulltrúar Rauða kross Íslands voru að störfum á árinu

Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur aðstoðaði landflótta fólk sem flúið hafði vopnuð átök í suðurhluta Afganistans og Norðvestur-Pakistan.

Sendifulltrúar Rauða kross Íslands voru að störfum víða um heim á árinu, meðal annars í hitabeltisloftslagi Austur-Afríku, á sléttum Mongólíu, við þróunarstörf í sunnanverðri Afríku og á skrifstofum Alþjóðasambands Rauða kross félaga í Genf og New York. Verkefni voru æði misjöfn, allt frá fangaheimsóknum í Búrúndí og flóttamannahjálp á landamærum Afganistans og Pakistans til eftirlits með verkefnum vegna alnæmisfaraldursins í Mósambík, Malaví og Suður-Afríku, svo fátt eitt sé nefnt.

Flestir sendifulltrúanna störfuðu í Afríku á árinu. Í Simbabwe þar sem er bæði kólerufaraldur og hungursneyð stýrði Huld Ingimarsdóttir matvæladreifingu Alþjóða Rauða krossins. Nína Helgadóttir hafði á árinu umsjón með heilbrigðisverkefnum í Mósambík, sem unnin eru meðal annars fyrir stuðning Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Hólmfríður Garðarsdóttir starfaði í Malaví að baráttunni gegn alnæmi, sem Íslendingar hafa á undanföllum árum gefið fé til í söfnunum félagsins. Markmið þeirra verkefna er að hlúa að fólki þegar það er veikt, aðstoða börn þeirra sem deyja og koma í veg fyrir útbreiðslu alnæmis með fræðslu til ungs fólks.

Enn annar Afríkusendifulltrúi Rauða kross Íslands á árinu var Hlín Baldvinsdóttir en hennar skjólstæðingar voru meðal annars börn sem stríð í Síerra Leóne hefur leikið grátt en sem fengu fyrir stuðning

frá Íslandi tækifæri til að koma undir sig fótunum á ný. Hlín er sérfræðingur um fjármál og stjórnun. Hennar starf var að sjá til þess að fé frá Íslandi nýttist sem best.

Birna Halldórsdóttir starfaði í Malaví við að skipuleggja og útfæra verkefni til að tryggja fæðuframboð í sunnanverðu landinu til lengri tíma. Einnig aðstoðaði hún við fyrirbyggjandi starf í flóðavörnum. Hrafnhildur Sverrisdóttir sinnti

Verkefni sendifulltrúa voru æði misjöfn, allt frá fangaheimsóknum í Búrúndí og flóttamannahjálp á landamærum Afganistans og Pakistans til eftirlits með verkefnum vegna alnæmisfaraldursins í Mósambík, Malaví og Suður-Afríku, svo fátt eitt sé nefnt.

heimsóknum í fangelsi, leitarþjónustu og kynningu á alþjóðlegum mannúðarlögum í Búrúndí og Ómar Valdimarsson gegndi starfi forstöðumanns upplýsingadeildar svæðisskrifstofu Alþjóðasambands Rauða kross félaga í Nairóbí í Kenýa fyrir Austur-Afríku.

Frá Genf var Karl Sæberg Júlíusson öryggisfulltrúi Alþjóða Rauða krossins á stöðugum þönum um heiminn til að gæta að öryggi hjálparstarfsmanna. Hans

hlutverk var að koma í veg fyrir vandamál og tryggja þannig að hjálparstarfið gengi snurðulaust fyrir sig. Í New York var Michael Schulz á vegum Rauða kross Íslands að tala máli mannúðar gagnvart ríkjum hinna Sameinuðu þjóða.

Í austurvegi voru íslenskir sendifulltrúar einnig að störfum. Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði í Pakistan við að aðstoða landflótta fólk sem flúið hefur vopnuð átök í suðurhluta Afganistans og Norðvestur-Pakistan. Þór Daniélsson stýrði hjálparstarfi Alþjóða Rauða krossins í Mongólíu, landi þar sem vetrarhörkur og þurrkar, sem heimamenn kalla dzud, hafa fellt búsmalann á undanföllum árum. Samnorrænt námskeið fyrir verðandi sendifulltrúa var haldið í Munaðarnesi í mars. Tuttugu og fimm þátttakendur frá Norðurlöndunum og Póllandi voru á námskeiðinu, þar af ný á vegum Rauða kross Íslands.

Markmið námskeiðsins sem haldið er á Íslandi annað hvert ár er að undirbúa tilvonandi sendifulltrúa sem best til að sinna hjálparstarfi á vettvangi vegna neyðarástands í kjölfar náttúruhamfara eða vegna stríðsátaka en líka til að starfa að langtímaþróunarsamvinnu með systurlandsfélögum. Þátttakendur fá fræðslu um heilsufarsvandamál sem upp geta komið, um öryggismál og um daglegt líf sendifulltrúa á vettvangi.



Aída var ánægð með fatapakkan frá Íslandi. Á markaðnum kostar einn notaður bolur mánaðartekjur.

Hljýja frá Íslandi

Rauði kross Íslands stórefldi stuðning sinn við alnæmissjúka í Afríku á árinu þegar félagið tók að sér að styðja alnæmisverkefni í Mwanza í Malaví, eftir sex ára stuðning við svipað verkefni í Chiradzulu héraði. Með því hóf félagið aðstoð á 35.000 manna svæði í landi sem er eitt það fátækasta í heimi, í 162. sæti af 179 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna.

Á þessum tveimur svæðum, þar sem samtals búa 77.000 manns, veita sjálfboðaliðar malavíska Rauða krossins, með stuðningi frá Íslandi, fræðslu um smitleiðir alnæmis, heimsækja þá sem veikst hafa af alnæmi og hjálpa börnum þeirra sem hafa þegar látist til að koma sér til mennta.

Einn skjólstaðingur Rauða krossins í Malaví er Faris litli. Hann er þriggja mánaða, búlduleitur og glaðlegur. Aída móðir hans er komin með hann á heilsugæslustöðina í Nkalo í Malaví. Til stendur að dreifa ungbarnapökkum, sem í eru prjónapeysur, húfur og annar fatnaður sem hannaður er fyrir litla líkama. Fötin hafa sjálfboðaliðar Rauða krossins á Íslandi prjónað og safnað saman til þess að hlaupa undir bagga með þurfandi barnafjölskyldum í Afríku.

Aída komst að því að hún væri HIV smituð þegar hún átti Faris og gekkst undir alnæmispróf. Hún fékk lyf sem eiga að minnka líkurnar á að Faris smitist líka. Þegar drengurinn er orðinn 18 mánaða verður kannað hvernig til tókst. Þangað til lifa þau í óvissu.

„Ég fékk áfall þegar mér var sagt að ég væri smituð,“ segir Aída. „Ég þorði ekki að segja manninum mínum frá þessu fyrr en eftir þrjá daga. Hann lætur enn eins og ekkert hafi í skorist.“

Fötin sem Faris litli fékk frá Rauða krossinum koma sér vel því foreldrar hans

hafa litið milli handanna. Aída tekur að sér tilfallandi landbúnaðarstörf hjá nágrönnum sínum til að afla sér tekna. Mánaðartekjurnar, um 400 krónur, duga til að kaupa einn notaðan bol á markaðnum. Ungbarnapakkin frá Íslandi er því mikil búbot.

Á árinu 2008 varð árangur af starfinu þessi

- 624 einstaklingar fóru í alnæmispróf fyrir áægjan sjálfboðaliða Rauða krossins. Þeir sem greinast með HIV smit geta komist á lyf sem halda sjúkdómnum niðri
- 1442 börn, sem mörg hafa misst foreldra sína vegna alnæmis, fengu styrk til skólagöngu, mat, fatnað og félagslegan stuðning
- Rúmföstum sjúklingum í Nkalo fækkaði úr 345 í 267 á árinu, að mestu vegna tilkomu lyfjameðferðar og stuðnings sjálfboðaliða Rauða krossins
- 2185 ungbarnapökkum frá íslenskum sjálfboðaliðum var dreift til mæðra ungbarna
- 33 þúsund manns fengu fyrirbyggjandi fræðslu um smitleiðir alnæmis. Fræðslan fer mestmegnis fram í gegnum leikhópa sjálfboðaliða sem ferðast milli þorpa og sýna stutta gæmanleiki

„Ég er mjög ánægð með að fá þennan pakka,“ segir hún á meðan hún mátar húfu á Faris litla. Hljý fötin munu vernda drenginn gegn vetrarkuldum, þegar hitastigið fer jafnvel niður í 0 gráður. Aída býr í Nkalo þar sem Rauði kross Íslands styður starf malavíska Rauða krossins gegn alnæmisplágunni.

Verkefnið í Nkalo er eitt af fimm heilbrigðisverkefnum í sunnanverðri Afríku sem Rauði kross Íslands styður. Framhald þeirra verkefna er engan veginn sjálfsagt

á tímum þrænginga, bæði á Íslandi og um allan heim. Með gengishruni krónunnar hefur kostnaður við starfið stóraukist á sama tíma og tekjurnar standa í stað eða minnka.

Hingað til hefur tekist að verja þessi mikilvægu verkefni. Með aðhaldi, niðurskurði á einstaka verkþáttum og aðstoð norræna Rauða kross félaga hefur jafnvel verið hægt að auka aðstoðina á sumum sviðum.

Fyrir þá einstaklinga sem njóta aðstoðarinnar skiptir miklu að vel takist til. Fyrir fáeinum árum var alnæmisgreining dauðadómur yfir þeim sem hana fengu. Hinir sjúku vesluðust upp í kofum sínum, óvinnufærir, á meðan sjúkdómurinn yfirbugaði þá smám saman. Nú geta jafnvel örsnauðir afrískir bændur fengið lyf sem halda sjúkdómnum niðri.

Þeir geta því áfram stundað vinnu og séð þannig fjölskyldum sínum farborða. Færri börn verða foreldralaus; fleiri komast í skóla. Eftir því sem fræðsla um smitleiðir alnæmis breiðist út um sveitir Afríku eru vonir til þess að nýsmítum fari að fækka.

Ef fjármálakreppan dregur úr baráttunni gegn alnæmi þá ógnar það lífi og heilsu milljóna manna. Um það getur Aída vitnað. Og einnig drenghnokkurinn hennar, hann Faris, sem nú verður hlýtt á nóttunni í nýju fötunum frá Íslandi.



Sjálfbodaliðar Rauða hálfmánans í Palestínu vinna að því að bæta líðan barna sem þjást af langvarandi álagi vegna stríðsátaka.

Sálrænn stuðningur við stríðshrjáð börn í Palestínu

Ríflega þrjú þúsund börn í Palestínu og forráðamenn þeirra tóku þátt í verkefni um sálrænan stuðning á árinu. Börnin þjást af langvarandi álagi vegna stríðsátaka og stöðugar spennu. Þau taka þátt í vikulegum samverustundum á vegum Rauða krossins og sérstök dagskrá er skipulögð fyrir þau í skólafríum.

Þetta starf fer fram í Tubas og Qalqilya. Því er ætlað að bæta líðan barnanna og fjölskyldna þeirra og stuðla að heilbrigðum samskiptum á milli barna, aðstandenda og kennara þeirra. Meðal annars er unnið að því að draga úr áfallacinkennum eins og ótta, martröðum, að þau væti rúmið og einbeitingarskort.

Aðstaða til leikja var bætt í 23 skólum og rúmlega 10.000 börn sóttu sumarþing þar sem þau fengu sálrænan stuðning og ýmis verkefni til að glíma við. Forráðamenn og skólalærar tóku virkan þátt í verkefninu og fengu fræðslu. Auk þess var kennurum veitt fræðsla og einnig sjálfbodaliðum Rauða hálfmánans í Palestínu – en svo nefnist Rauða kross félagið þar eins og í mörgum öðrum löndum múslima.

Rauði krossinn á Íslandi hefur verið í samstarfi við systurfélagið í Palestínu frá árinu 1993 og stutt verkefni þar. Rauða kross félagin á Íslandi, í Danmörku, Frakklandi og á Ítalíu taka þátt í verkefninu um sálrænan stuðning með palestínska Rauða hálfmánanum.

Formaður og framkvæmdastjóri Rauða krossins, þau Anna Stefánsdóttir og Kristján Sturluson, kynntu sér þetta verkefni og annað starf á svæðinu í ágúst síðastliðnum. Við það tækifæri var rætt um ný samstarfsverkefni, meðal annars að Rauði kross Íslands aðstoðaði við að koma upp félagsmiðstöð fyrir ungt fólk og að þjálfa sjúkraflutningamenn í Palestínu.

RAUÐI KROSS ÍSLANDS SENDI LANDSLIÐ Í SKYNDIHLJÁLP TIL AÐ KEPPA Í EVRÓPUKEPPNI RAUÐA KROSSINS Í SKYNDIHLJÁLP. HÚN VAR HALDIN Í JÚNÍ Í LIVERPOOL Á ENGLANDI.

UM 1400 LANGVEIKIR Í KIMBERLEY Í SUÐUR-AFRÍKU NUTU HEIMAHLYNNINGAR SJÁLFBODALIDA RAUÐA KROSSINS.



LANDSSKRIFSTOFA
EFSTALEITI 9
103 REYKJAVÍK
SÍMI 570 4000
CENTRAL@REDCROSS.IS
WWW.RAUDIKROSSINN.IS